

Nd. 390. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysa-tryggingu skipshafna o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

14. gr. 1. málgr. laganna orðist svo:

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkvæmt II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í II. og III. kafla frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga felst, að félagi því, er um ræðir í lögum nr. 43/1947, um innlenda endurtryggingu o. fl., er skylt að greiða fasteignaskatta til sveitarfélags og aðstöðugjald. Þykir heppilegt að breyta lögum um félagið til samræmis við greind ákvæði frumvarpsins. Um vatnsskatt, holræsa-gjöld, gangstéttagjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.